

Samfélagsleg sjálfbærni og atvinnuþátttaka eldra fólks á Íslandi - Hvað segja gögnin?

Samantekt byggð að mestu á gögnum frá Hagstofu Íslands, Eurostat og könnuninni Hagir og líðan eldra fólks og öðrum heimildum

Höfundar:

Halldór S. Guðmundsson¹, Þóra Kristín Þórsdóttir¹, Kolbeinn H. Stefánsson¹, og Ieva Reine²

(¹ Háskóli Íslands, ² Háskólinn í Uppsöllum, Svíþjóð)


Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum tuttugu og fimm árum og nægir þar að nefna stafrænu byltinguna og gjörbreytta samsetningu þjóðarinnar. Í þessari samantekt er kastljósinu beint að öldrun þjóðarinnar. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru íbúar landsins sem orðnir voru 60 ára tæplega 43 þúsund um aldamótin en aldarfjórðungi síðar (2025) eru þeir orðnir 83 þúsund. Íbúum 60 ára og eldri hefur fjölgað hlutfallslega meira en íbúum landsins í heild sem sést á því að hlutfall þessa aldurshóps í íbúafjöldanum hefur hækkað úr 15% í 21% á þessum tíma.

Og spáð er áframhaldandi fjölgun. Samkvæmt mannfjöldaspá (miðgildi) Hagstofu Íslands verða tæp 124 þúsund manns á þessu aldursbili eftir tuttugu ár (árið 2045) og munu þá nema 24% af mannfjöldanum. Samhliða hefur barnsfæðingum fækkað og spáð er áframhaldandi fækkun. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fæddust 4.315 lifandi börn aldamótaárið og árið 2024 voru þau nánast jafn mörg (4.311) á sama tíma og íbúum landsins í heild hafði fjölgað um 37%.



Ein algeng leið til að skoða samsetningu þjóða er framfærsluhlutfallið, þ.e. hlutfall fólks 65 ára og eldra af fólki á vinnualdri (skilgreint sem 20-64 ára). Fjöldi íbúa samfélagsins sem er orðinn 65 ára og eldri er þannig borinn saman við þann hóp sem er á aldrinum 20-64 ára og þannig fæst gróf mæling á því hve stórum hópi eldra fólks fólk á vinnualdri þarf að sjá fyrir með sköttum þeirra yngri. Að meðaltali var framfærsluhlutfall eldra fólks 37% í Evrópusambandinu árið 2024 en 26,1% á Íslandi, sem var fjórða lægsta framfærsluhlutfallið í Evrópu


það ár. Þessi hægfara breyting á Íslandi skýrist að hluta til með auknum fjölda ungra innflytjenda á sama tímabili. Mynd 1 sýnir framfærsluhlutfallið á Norðurlöndunum og í Litháen árin 2000 og 2024. Eins og sést hefur framfærsluhlutfallið hækkað hjá öllum þjóðunum á þessu tímabili þó hækkunin sé misjöfn. Minnst er hún á Íslandi og í Noregi, rétt undir 6 prósentustigum, en mest í Finnlandi þar sem hún er 17 prósentustig. Í evrópskum samanburði er íslenska þjóðin því enn fremur ung en hún er að eldast.



Mynd 1. Framfærsluhlutfall eldri borgara í völdum samfélögum 2020 og 2024. Heimild: Eurostat (demo_pjanind). Ekki er sett meðaltal fyrir Evrópusambandið árið 2000 þar eð sambandið var öðruvísi samsett þá en 2024.

Áskoranirnar sem þessum breytingum fylgja eru ýmiss konar, má þar til dæmis nefna núverandi og yfirvofandi vanda í velferðarmálum vegna skorts á starfsfólki. Einmitt vegna þessa er búið að breyta lífeyristökualdri heilbrigðisstarfsfólks hjá ríkinu sem má nú vinna til 75 ára aldurs, sem gæti verið fyrsta skrefið í að hækka lífeyristökualdur allra ríkisstarfsmanna. Raunar hafa margar aðrar þjóðir brugðist við öldrun þegna sinna með því að hækka lögbundinn lífeyristökualdur. Hafa þer þó í huga að lífeyristökualdur er hár fyrir á Íslandi í alþjóðlegu samhengi. Eins og fram kemur á mynd 2 hófu íbúar Evrópusambandsríkjanna lífeyristöku við 61 árs aldur að meðaltali árið 2023 en á Íslandi var meðaltalið við 66 ára aldur.

Öldrun þjóðarinnar og lækkandi fæðingartíðni eru einungis tvær af mikilvægum áskorunum íslensks samfélags og vinnumarkaðar en þær eru margar fleiri, svo sem tilkoma gervigreindar og aukin áhersla á umhverfisvernd. Samfélagið er að takast á við ýmsar breytingar samtímis og vanda þarf til verka ef sjálfbærni á að vera markmiðið. Þar er ekki síst mikilvægt að móta skýra stefnu um það hvernig við sem samfélag eflum og höldum þeim hluta vinnuafslins sem kominn er á og yfir miðjan aldur lengur virkum á vinnumarkaði.




Mynd 2. Meðalaldur við upphaf lífeyristöku 2023. Heimild: Eurostat (lfo_23pens03).

Virk á vinnumarkaði

Atvinnuþátttaka er mikil á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Sem dæmi má nefna að 89% fólks á aldrinum 15-64 ára er virkt á vinnumarkaði, sem er mesta atvinnuþátttaka sem mælist innan Evrópu samkvæmt tölum Eurostat. Atvinnuþátttaka lækkar eðlilega með aldri. Hérlandis eru 85% af aldurshópnum 50-64 ára á vinnumarkaði sem er talsvert hærra en til dæmis annars staðar á Norðurlöndunum eins og sjá má á mynd 3.


Þegar kemur hins vegar að aldurshópnum fyrir ofan, 65-74 ára, lækkar hlutfallið mjög alls staðar í Evrópu og hérlandis fer það niður í 35%. Það er þó mesta atvinnuþátttaka í þessum aldursflokki innan Evrópu. Eins og annars staðar er meiri atvinnuþátttaka meðal karla en kvenna á þessu aldursbili en rúm 44% karla á aldrinum 65-74 ára eru á vinnumarkaði og tæp 26% kvenna.



Mynd 3. Atvinnuþátttaka eldra fólks 2024. Heimild: Eurostat (Ifsa_argaed)

Árið 2023 var viðbótarupplýsingum safnað um ellilífeyrisþega í evrópsku vinnumarkaðsrannsókninni sem Hagstofan sér um fyrir Ísland. Meðal annars var spurt um atvinnustöðu ellilífeyrisþega í upphafi lífeyristöku. 65% íbúa Evrópusambandsins reyndust hafa hætt strax að vinna, 22% reyndust ekki hafa verið í starfi, 7% héldu áfram að vinna án nokkurra breytinga og 6% gerðu einhverjar breytingar (t.d. lækkuðu starfshlutfall) en héldu áfram að vinna. Innan Evrópu og einnig innan Norðurlandanna er


þó mikill fjölbreytileiki enda um ólík velferðarkerfi að ræða, mismunandi lífeyristökualdur og ólíkt efnahagsástand auk annarra þátta. Á Íslandi reyndust 42% ellilífeyrisþega hafa haldið áfram að vinna í upphafi lífeyristöku (með og án breytinga í starfi) sem er svipað hlutfall og í Svíþjóð og það fjórða hæsta innan Evrópu (á eftir Eistlandi, Lettlandi og Litháen). Á móti er hlutfall þeirra sem hættu að vinna strax í upphafi ellilífeyristöku 33% hérlandis sem er þriðja lægsta hlutfallið í Evrópu en aðeins í Eistlandi (31%) og Írlandi (25%) eru þessi hlutföll lægri.



Mynd 4. Ellilífeyrisþegar: Atvinnustaða við upphaf lífeyristöku árið 2023. Heimild: Eurostat (Ifso_23pens06).

Þegar einungis er litið til fólks sem er í vinnu eru 18% starfandi fólks á aldrinum 50-64 ára og 51% þeirra sem eru 65 ára og eldri í hlutastarfi innan Evrópusambandsins. Á Íslandi er hlutfall starfandi 50-64 ára sem er í hlutastarfi svipað og meðaltalið

í Evrópu, eða 16%, en þegar kemur að 65 ára og eldri er hlutfall fólks í hlutastarfi mun lægra en víða annars staðar í Evrópu. Hérlandis eru 37% af starfandi fólki 65 ára og eldri í hlutastarfi og eru hlutföllin 55% meðal kvenna og 28% meðal karla.



Mynd 5. Atvinnustaða við upphaf lífeyristöku árið 2023. Heimild: Eurostat (lfso_23pens06).


Atvinnuþátttaka lækkar hratt eftir 65 ára aldur og samkvæmt rannsókninni Högum og líðan eldra fólks, sem framkvæmd er á fjögurra ára fresti með úrtaki fólks 67 ára og eldra á Íslandi, voru 13% svarenda í vinnu árið 2024, 18% karla og 9% kvenna. Nokkru algengara er að eldra fólk í

hjúskap sé starfandi en einstætt, eða 15% á móti tæpum 9%. Þegar menntun þeirra sem eru í vinnu er borin saman við menntun hópsins í heild kemur í ljós að það er einkum meðal háskólamenntaðra annars vegar og iðnmenntaðra hins vegar sem fólk er enn starfandi eftir 67 ára aldur.

Sveigjanleg starfslok

Þau sem eru 67 ára og eru hætt að vinna eru spurð í könnuninni Högum og líðan eldra fólks hvernig starfslokin hafi verið. Árið 2024 áttu 60% sveigjanleg starfslok, 25% hættu vegna aldurs og 15% vegna veikinda. Þegar þessi spurning er skoðuð yfir tíma kemur í ljós að hlutfall þeirra sem áttu sveigjanleg starfslok hefur hækkað með árunum. Þegar eldra fólk var spurt þessarar

spurningar árin 2016 og 2020 höfðu aðeins 54% og 52% átt sveigjanleg starfslok. Séu svörin við þessari spurningu skoðuð eftir menntun svaranda sést að sveigjanleg starfslok eru eilítið algengari meðal háskólamenntaðra (64%) en fólks með framhalds- eða grunnskólamenntun (60% og 54%).



Mynd 6. Hvernig voru starfslokin 2024? Heimild: Hagir og líðan eldra fólks 2024.


Þau sem ekki eru í vinnu eru spurð í Hagir og líðan rannsókninni hvort þau myndu vilja vera í launaðri vinnu og af þeim svára 88% neitandi en 12% játandi. Fleiri karlar en konur myndu vilja vera virkir á vinnumarkaði eða 16% karla en 10% kvenna. Þegar þessi hópur er skoðaður eftir menntun sést að löngun til virkni er mest meðal

fólks með framhaldsskólamenntun (iðnmenntun meðtalin) en tæp 15% þeirra myndu vilja vera starfandi á móti 13% fólks með grunnenntun og tæp 9% háskólamenntaðra. Þá er löngun til virkni aðeins meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni eða 15% á móti 11%.

Tæknivædd kynslóð

Íslendingar eru fremur framarlega þegar kemur að stafrænni tækni og það á einnig við um eldra fólkið okkar. Innan Evrópusambandsins bjuggu 42% íbúa á aldrinum 55-64 ára og einn af hverjum fjórum á aldrinum 65-74 ára yfir að minnsta kosti grunnfærni í stafrænni tækni árið 2021. Á Íslandi reyndust 68% íbúa á aldrinum 55-


64 ára búa yfir þessari færni sem er fimmta hæsta hlutfallið í Evrópu. Þegar kemur að aldurshópnum 65-74 ára reyndist svo hlutfall þeirra sem búa yfir grunnfærni í stafrænni tækni vera 56%, sem er næsthæsta hlutfallið í evrópskum samanburði og talsvert hærra en á hinum Norðurlöndunum.




Mynd 7. Hlutfall eldra fólks með stafræna færni 2021. Heimild: Eurostat (isoc_sk_dskl_i21).

Í Högum og líðan eldra fólks var spurt árin 2020 og 2024 (Helgi Guðmundsson, 2025) hvort svarendur eigi tölvu, spjaldtölvu, snjallsíma eða snjallúr. Eins og búast mætti við hefur hlutfall svarenda sem á tiltekið tæki hækkað á þessum fjórum árum og árið 2024 áttu 96% svarenda að minnsta kosti eitt af þessum tækjum. Ekki er munur þar á milli kynja. Þau sem kváðust eiga tiltekið tæki voru svo spurð hversu oft þau notuðu

það og fengu svarmöguleikana „mjög sjaldan eða aldrei“, „sjaldnar en vikulega“, „vikulega“, „oftar en vikulega en sjaldnar en daglega“ og „daglega“. Hlutfall svarenda sem notar tölvu eða spjaldtölvu daglega lækkaði aðeins milli árána 2020 og 2024 á meðan notkun snjallsíma jókst og nota 93% svarenda sem eiga snjallsíma tækið sitt daglega.




Mynd 8. Hlutfall eldri borgara sem eiga tiltekið tæki 2020 og 2024. Heimild: Hagir og líðan eldra fólks 2020 og 2024.



Mynd 9. Hlutfall svarenda sem nota tiltekið tæki daglega. Heimild: Hagir og líðan eldra fólks 2020 og 2024.

Að lokum er mikilvægt að skoða hvernig eldra fólk upplifir viðhorf til síns hóps á Íslandi en í rannsókninni er einmitt spurt hvort fólk telji að viðhorf til eldri borgara í samfélaginu séu almennt jákvæð eða neikvæð. Í heildina segja 56% viðhorfið vera jákvætt, um 22% það vera neikvætt og álíka stór hópur það vera hvorki né.

Nokkuð hefur dregið úr neikvæðni og jákvæðni aukist þegar litið er til ársins 2016 því þá sögðu 31% viðhorfið vera neikvætt og 52% að það væri jákvætt. Karlar eru nokkuð jákvæðari en konur öll árin og mestur er munurinn árið 2024 þegar rúm 60% karla telja viðhorf til eldri borgara vera jákvætt á móti 53% kvenna.



Mynd 10. Viðhorf til eldra fólks í íslensku samfélagi 2024. (Heimild: Hagir og líðan eldra fólks 2024).

Leiðin áfram

Að framansögðu er ljóst að atvinnuþátttaka er mikil meðal eldra fólks á Íslandi og óveruleg sóknarfæri þegar kemur að aldursþópnum undir 65 ára. Hins vegar væri mögulegt að virkja hóp eldra fólks sem myndi vilja vera á vinnumarkaði. Enn mikilvægara en að finna nýtt vinnuafli er þó að efla og halda í það vinnuafli sem fyrir er. Til þess þarf að móta og fylgja stefnu í málefnum eldra vinnuafli sem felur í sér: a) bæta aðgengi að upplýsingum og efla fræðslu um heilsu og ný hlutverk, b) efla markvissa baráttu gegn allri mismunun vegna aldurs almennt og á vinnustöðum, c) auka áherslu á þátttöku starfandi

eldra fólks í sí- og endurmenntun og aðlögun að breyttu vinnuskipulagi eða nýjum starfsvettvangi, d) auka valmöguleika til atvinnuþátttöku með hlutastörfum og sveigjanleika, e) hvetja til virkni og þátttöku fyrir og eftir starfslok, f) leggja áherslu á vellíðan og jafnvægi einstaklinga gagnvart vinnu, fjölskyldu og tómstundum. Að auki er tilefni til að endurmeta reglur og viðmið um þá fjárhagslegu þætti sem hvetja eða letja eldra fólk til atvinnuþátttöku eftir starfslok, með hliðsjón af því að hvetja til virkni og atvinnuþátttöku.



HÁSKÓLI
ÍSLANDS



Útgefandi: Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Höfundar: Halldór S. Guðmundsson, Þóra K. Þórsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson og Ieva Reine.

Útgáfuár: Janúar 2026

Prentun: Háskólaprent

ISBN: 978-9935-571-05-2